

Ársskýrsla og reikningur 2010



Aðalfundarfultrúar KGSÍ í Hafnarfirði 12. Júní 2011 (ARE).

Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2011

Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ bls. 3 - 7

Ársreikningur KGSÍ 2009 (sjá efnisyfirlit þar).

Fjárhagsáætlun 2010 aftan við ársreikning

Ársskýrsla KGSÍ 2010

1. Tekjur kirkjugarða landsins árið 2010

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2010 var kr. 901.211.003 og var því skipt þannig:

Kirkjugarðasjóður	kr. 76.602.935
Umhirðusjóður	kr. 656.100.056
Grafarsjóður	kr. 145.669.614
Bálstofan í Fossvogi	kr. 22.838.398

Framlag ríkisins árið 2009 var kr. 918.943.441 og er lækkunin á milli ára því tæp 2%. Þar er þó ekki öll sagan sögð því samningurinn milli ríkisins og kirkjugarðaráðs gerir ráð fyrir hækkun einingarverðs (umhirðugjald og greftrunargjald) með þeim hætti að stækkun grafarsvæða og aukinn fjöldi jarðsetninga hækka framlagið umfram verðlagsbreytingar (almenn þróun verðlags og launa). Einingarverðin hafa verið lækkuð og hefur því skerðing ríkisins undanfarin ár margfeldisáhrif. Skerðing ríkisins á framlagi til kirkjugarða árin 2009 til 2011 er 542,7 mkr. á verðlagi í nóvember 2010, samkvæmt úttekt á samkomulagi við ríkið sem Capacent gerði fyrir KGSÍ í desember 2010 og verður kynnt á aðalfundinum á Húsavík. Samkvæmt skýrslunni (bls. 11) ætti framlag ríkisins á yfirstandandi ári að vera 1,1 milljarður en ekki 844 mkr. eins og raun ber vitni um.

2. Hlutverk KGSÍ við úttekt á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Rétt er að rifja upp hvernig framlagi ríkisins er komið til kirkjugarða landsins.

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári, þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald. Greftrunargjald er ákveðið í upphafi hvers árs og fer gjaldið eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðunni www.gardur.is/2011 má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum gardur.is. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.

3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
 - a) Kirkjugarðasjóður v/ prósentuframlags (8,5% greitt beint frá Fjársýslu ríkisins)
 - b) greftrunarsjóður v/greftrana
 - c) umhirðugjald til kirkjugarða landsins og
 - d) framlag til Bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikning KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir umhirðugjald 15. hvers mánaðar:
 - a) inn á reikninga kirkjugarða,
 - b) til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningaskýrslu á www.gardur.is
 - c) inn á reikning bálstofunnar í Reykjavík.

Einingarverðið hefur lækkað verulega á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir. Meðaltalslækkun greftrunargjalds milli árana 2010 og 2011 er um 13%.

3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða

Frumvarpið er enn óhreyft tæpum sex árum eftir að það var lagt fram í þinginu. Innanríkisráðherra sem fer með málefni kirkjugarða hefur heitið því að leggja frumvarpið fram á haustþinginu 2011.

4. Aðalfundur 2010 var í Hafnarfirði í júní



Aðalfundargestir í Hafnarfirði 12. Júní 2010.

Aðalfundur KGSÍ 2010 var haldinn í Hafnarfirði laugardaginn 12. júní. Þátttaka á fundinum var mjög góð. Fimmtíu og fjórir fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og heildartala með mökum var rúmlega 90 manns. Dagskráin var fjölbreytt og voru þar flutt mörg erindi sem tóku á umhirðu kirkjugarða (græni geirinn). Hjalti Jóhannsson

formaður kirkjugarðsstjórnar í Hafnarfirði sagði frá sögu Kirkjugarðs Hafnarfjarðar og flutti skemmtilegt og fróðlegt erindi um Hafnfirðinga og ýmis sérkenni í hugum þeirra er varða áttir sem og orðatiltæki tengd áttum í Hafnarfirði.

Fundarmenn og makar fóru síðan í fylgd með Sigurbjörgu Karlsdóttur leiðsögumanni um Hafnarfjörð og skoðuðu Hellisgerði og Sigurbjörg sagði álfasögur með dulúðlegum svip. Síðan var Byggðasafn Hafnarfjarðar skoðað og þaðan var farið í

Kirkjugarðinn í Hafnarfirði og garðurinn og húsakynni skoðuð. Fram voru bornar veitingar af besta tagi og þaðan fóru allir ánægðir eftir velheppnaða ferð.

5. Sameining kirkjugarðastjórna

Þrátt fyrir góðan vilja heimamanna á kynningarfundum, sem haldnir hafa verið síðastliðin ár, er frumkvæði þeirra til sameiningar nánast ekkert og er það nú álit stjórnarmanna að grípa þurfi til annarra ráða en að bíða eftir því að beiðni berist úr héruðum. Hvaða önnur ráð eru tiltæk? T.d. mætti leggja til að prestakall væri grunneining en ekki sókn, þ.e.a.s. sameina alla kirkjugarða innan prestakalls og kjósa sérstaka stjórn með fulltrúum allra sókna. Slíkt mundi fækka stjórnunum úr 250 niður fyrir eitt hundrað. Þar með væri stórt skref stigið. Síðar mætti athuga hvort ástæða væri til að sameina kirkjugarðastjórnir innan prófastsdæmanna. Þar með yrðu kirkjugarðastjórnir 11 á landinu og í þeim stjórnnum ættu öll prestaköll fulltrúa.

6. Tölvubókhald fyrir kirkjugarða

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins á hverju ári. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garð og greiðslur vegna grafartöku. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða.

Stjórnin ræddi um að breyta ársreikningsformi kirkjugarðanna, þ.e. að þeir þurfi ekki að taka inn í sína ársreikninga framlagið til Kirkjugarðasjóðs. Fyrirkomulagið hefur sem sagt verið með þeim hætti að þeir þurfa að telja sér til tekna 8,5% framlagið sem þeir aldrei fá en greiðist beint til Kirkjugarðasjóðs. Þessari tillögu stjórnar KGSÍ var vísað til Kirkjugarðaráðs sem ræddi málið við Ríkisendurskoðun og er hún þar í athugun.

7. Flutningur frá landsbyggðinni í bálstofu í Fossvogi

Á aðalfundinum í Hafnarfirði urðu fjörugar umræður um fyrirkomulag flutninga frá landsbyggðinni í bálstofuna í Fossvogi og sýndist þar sitt hverjum. Eftirfarandi var bókað í fundargerð aðalfundar: „*Smári Sigurðsson fjallaði um flutning á líkum og kostnað við flutninginn til bálstofu. Mikið hefur verið fjallað um málið og helst til vandræðalegt hvað það velkist fram og til baka. Kostnaðurinn kemur væntanlega úr sameiginlegum sjóðum. Spurningin er hvar á að draga mörkin. Hermann Jónasson sagði frá því að hann hefði farið til móts við flutning á kistu frá Siglufirði og kostnaður annar en bensínkostnaður hefði ekki verið reiknaður. Hann sagði frá því að útfararstofur hefðu ekki aðgang að líkhúsinu (í Reykjavík) um kvöld og helgar. Í dreifbýlinu fengist víðast slíkur aðgangur um kvöld og helgar sem eru augljósir kostir dreifbýlisins umfram Reykjavík. Smári kom með þá hugmynd að það yrði ákvörðun hvers kirkjugarðs hvernig lík væri flutt til brennslu. Á að vera sami kostnaður greiddur hvar sem viðkomandi er staddur á landinu? Málamiðlun væri að finna út ákveðið gjald. Örn benti á að um gæti verið að ræða styrk plús viðbót aðstandenda. Fram kom hjá Þórsteini, þegar ræddur var sá möguleiki, að bálstofan í Fossvogi kæmi inn og niðurgreiddi flutningskostnað, að tæplega 3% af framlagi ríkisins standi*

ekki undir byggingu nýrrar bálstofu hvað þá meira. Magnús lagði til að dreifbýlið fengi greitt kistugreftrunargjald þegar bálför væri áformuð og mundi mismunurinn ganga upp í flutningskostnað. Bent var á að þá mundi greftrunargjaldið lækka í heildina sem því næmi og það væri nú þegar of lágt og ekki yrði samstaða um að lækka það enn frekar.

Jón Halldórsson spurði hvort hægt væri að láta bálstofuna stjórna kostnaði og greiðsla kæmi til hennar? Stjórn KGSÍ mun enn og aftur fjalla um þessi mál og reyna að finna sanngjarna lausn á brýnu máli.“

Stjórn KGSÍ mun ræða á aðalfundinum á Húsavík hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að létta undir hjá þeim sem þurfa að senda kistur milli landshluta.

8. Legstaðaskráin gardur.is



Heimasíðan gardur.is er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands sem á félagið In Memoriam ehf sem er skráður eigandi síðunnar. Heimasíðan er í stanslausri þróun og henni tengjast hinir ýmsu verkþættir, s.s. bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi,

greiðsluylfirlit o.fl. Eitt af markmiðum félagsins er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð (90 uppflettingar á dag að jafnaði).

Skil á jarðsetningarskýrslum eru ekki viðunandi og hefur það verið árviss vinna hjá starfsfólki Kirkjugarða Akureyrar að heimsækja Þjóðskrá til að finna upplýsingar um látna einstaklinga sem ekki hafa verið skráðir á gardur.is. Áformað er að gera prestum skylt að senda inn á www.gardur.is skýrslu um prestþjónustu við útfarir áður en til greiðslu kæmi og greiða þeim síðan beint frá KGSÍ. Með því mundu ótilkynntar jarðsetningar nær heyrta sögunni til.

Á næstu misserum verður mikil vinna við að uppfæra kort og teikningar af kirkjugörðum. Liggja þarf ljóst fyrir hvaða kirkjugarðar greiði fyrir slíka vinnu og hverjir ekki.

4. Stjórn og formaður



Stjórn KGSÍ á góðri stund eftir aðalfundinn í Hafnarfirði

Stjórn og varastjórn voru óbreytt. Á aðalfundinum í Hafnarfirði voru endurkosnir í stjórn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem kosinn var formaður. Í varastjórn voru endurkosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Katrín Birna Viðarsdóttir frá Ásólfskála.

Á milli aðalfunda voru haldnir sex stjórnarfundir auk margra óformlegra funda í síma og á netinu. Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundir áður en blaðið kemur út á vorin.

5. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðasambands Íslands hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. Stjórnarformaður KGSÍ er einn af fimm stjórnarmönnum Kirkjugarðaráðs.

6. Útgáfa Bautasteins - fagrits


Bautasteinn (fagritið) kom út í maí 2010 og var þar á ferðinni 1. tölublað 15. árgangs. Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfarar- og kirkjugarðamálum.


Á slóðinni: <http://www.kgsi.is/bautasteinn.html> má sjá Bautastein frá upphafi. Bautasteinn er að mestu fjármagnaður með auglýsingatekjum og ber sig því að mestu rekstrarlega. Vinnslu blaðsins, þ.e.a.s. söfnun auglýsinga og greina, er stýrt frá skrifstofu KGRP en sérstakur ritstjóri er ráðinn til að ganga frá blaðinu. Nokkrir stærri kirkjugarðar kaupa blaðið og styrkja þannig útgáfu þess. Blaðið kemur út í 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja.

Bautasteinn - fréttabréf (1. tbl. 10. árg.) kom út í desember 2010 og flutti fréttir af vettvangi kirkjugarðamála í lok árs.

Reykjavík, 20. maí 2011,


Þorsteinn Ragnarsson,
formaður


Guðmundur Ráin Sigurðsson,
stjórnarmaður


Smári Sigurðsson
stjórnarmaður

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2010

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2010

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 9. maí 2011

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10
Sundurliðanir	

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 9. maí 2011.

Deloitte hf.



Björg Sigurdardóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tekjur umfram gjöld af rekstri ársins námu kr. 193.930. Rekstrartekjur námu samtals kr. 5.756.648. Heildareignir námu kr. 4.008.065 og eigið fé í árslok 2010 nam kr. 2.610.246.

Að áliti framkvæmdarstjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2010.

Reykjavík, 9. maí 2011

Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson

stjórnarformaður



Smári Sigurðsson

stjórnarmaður




Guðmundur Rafn Sigurðsson

stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 9. maí 2011



Ólafur P. Guðmundsson



Magnús Sigurðsson

Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld og styrkir		4.886.200	4.890.700
Tekjur af útgáfustarfsemi		870.448	797.493
		<u>5.756.648</u>	<u>5.688.193</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		1.694.425	1.186.257
Laun og tengd gjöld	3	1.243.761	1.420.896
Annar rekstrarkostnaður		2.635.439	2.680.450
Afskriftir		0	41.440
		<u>5.573.625</u>	<u>5.329.043</u>
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		183.023	359.150
Fjármunatekjur	4	32.105	80.901
Fjármagnsgjöld	5	(21.198)	(15.188)
Tekjur umfram gjöld		<u>193.930</u>	<u>424.863</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Fastafjármunir			
Eignarhlutar í In Memoriam ehf.	6	137.502	137.502
		<u>137.502</u>	<u>137.502</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	78.001	216.541
Aðrar skammtímakröfur	7	479.774	515.548
Handbært fé	7	3.312.788	3.183.860
		<u>3.870.563</u>	<u>3.915.949</u>
Eignir		<u><u>4.008.065</u></u>	<u><u>4.053.451</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	8	2.610.246	2.416.316
		<u>2.610.246</u>	<u>2.416.316</u>
Skammtímaskuldir			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		1.012.007	1.461.827
Aðrar skammtímaskuldir	9	385.812	175.308
		<u>1.397.819</u>	<u>1.637.135</u>
Skuldir		<u>1.397.819</u>	<u>1.637.135</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>4.008.065</u></u>	<u><u>4.053.451</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld		183.023	359.150
Afskriftir	6	0	41.440
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		183.023	400.590
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun		174.314	53.041
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun)		(239.316)	792.807
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		118.021	1.246.438
Innborgaðir vextir og arður		32.105	80.901
Greiddir vextir		(21.198)	(15.188)
Handbært fé frá (til) rekstri		128.928	1.312.151
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		128.928	1.312.151
Handbært fé í upphafi árs		3.183.860	1.871.709
Handbært fé í lok árs		<u>3.312.788</u>	<u>3.183.860</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2010	2009
Laun	1.061.064	1.222.752
Launatengd gjöld	182.697	198.144
	<u>1.243.761</u>	<u>1.420.896</u>

4. Fjármunatekjur

	2010	2009
Vaxtatekjur af bankareikningum	11.159	75.975
Aðrar vaxtatekjur	20.946	4.926
	<u>32.105</u>	<u>80.901</u>

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2010	2009
Fjármagnstekjuskattur	(1.992)	(8.323)
Önnur vaxtagjöld	(19.206)	(6.865)
	<u>(21.198)</u>	<u>(15.188)</u>

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000 og er tilgangur félagsins samfélags- og líknarstarf á vegum Kirkjugarðasambands Íslands. In Memoriam ehf. annast meðal annars vefsíðuna www.gardur.is. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en bókfært virði félagsins er kr. 137.502 í efnahagsreikningi í árslok 2010.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
In Memoriam ehf.	100%	2.000.000	<u>137.502</u>
			<u>137.502</u>

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2010	31.12.2009
Innlendar viðskiptakröfur	78.001	216.541
	<u>78.001</u>	<u>216.541</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2010	31.12.2009
KGSÍ (framlag til kirkjugarða)	479.774	515.548
	<u>479.774</u>	<u>515.548</u>

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2010	2.416.316
Hagnaður ársins	193.930
Eigið fé 31.12.2010	2.610.246

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2010	31.12.2009
Ógreidd laun og launatengd gjöld	56.161	49.808
Ógreiddir ýmsir reikningar	329.651	125.500
	385.812	175.308

Sundurliðanir

	2010	2009
Félagsgjöld og styrkir		
Skráning ítarefnis	143.500	152.500
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	242.700	238.200
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	4.500.000	4.500.000
	<u>4.886.200</u>	<u>4.890.700</u>
Tekjur af útgáfustarfsemi		
Auglýsingatekjur	870.448	797.493
	<u>870.448</u>	<u>797.493</u>
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
Prentun	582.771	416.576
Prófarkalestur og hönnun	577.500	326.774
Annar útgáfukostnaður	304.177	179.992
Burðargjöld	186.169	216.344
Pökkunarkostnaður	42.296	45.073
Gíróseðlar og límmiðar	1.512	1.498
	<u>1.694.425</u>	<u>1.186.257</u>
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	956.124	1.038.752
Aksturskostnaður	104.940	184.000
Tryggingagjald	85.618	96.697
Lífeyrissjóður	97.079	101.447
	<u>1.243.761</u>	<u>1.420.896</u>
Annar kostnaður		
Aðalfundarkostnaður	390.708	296.957
Stjórnarfundakostnaður	51.922	135.715
Fræðslufundur	35.890	332.412
NFKK kostnaður	0	314.892
Pappír, prentun og ritföng	46.350	44.057
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	384.802	378.334
Önnur aðkeypt þjónusta	0	7.918
Auglýsingar	34.613	34.613
Ferðakostnaður	100.000	100.000
Afskrifaðar tapaðar skuldir	0	18.000
Kostnaður vegna gardur.is	1.591.154	1.017.552
	<u>2.635.439</u>	<u>2.680.450</u>

Rekstraráætlun 2011

Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2011

Kirkjugarðasamband Íslands

REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2011

REKSTRARTEKJUR:

Sala auglýsinga í vorblað	915.000
Aðrar tekjur vegna vorblaðs (ca. 400 eint. á 600 kr/stk.)	240.000
Skráning ítarefnis	130.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000
SAMTALS KR:	7.285.000

REKSTRARGJÖLD:

Útgáfukostnaður Bautasteins:

Prentun vorblaðs	515.000
Prófarkarlestur og hönnun vorblaðs	600.000
Fréttabréf KGSÍ	190.000
	<u>1.305.000</u>

Dreifingarkostnaður Bautasteins:

Burðargjöld vegna vorblaðs	130.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	55.000
Burðargjöld önnur	10.000
Pökkunarkostnaður	42.000
Gíróseðlar, límmiðar o.fl.	2.000
	<u>239.000</u>

Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.300.000
Aðalfundarkostnaður	330.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð (KGRP)	390.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	50.000
Stjórnarfundakostnaður vegna funda	100.000
Kostnaður sérfræðinga, (ýmsir tilfallandi)	800.000
Innlendur ferðakostnaður	100.000
Námskeiðahald og aðrir fundir	500.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	200.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is	1.600.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	200.000
	<u>5.570.000</u>

SAMTALS KR: 7.114.000

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	171.000
---	---------

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:

Vaxtatekjur	35.000
Vaxtagjöld	25.000

HAGNAÐUR AF REGLULEGUM REKSTRI ÁRSINS

SAMTALS KR: 181.000